



# LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

1. tbl. – janúar 2017

Hundaræktarfélag Íslands óskar öllum félagsmönnum gleðilegs nýs árs og vonum við að 2017 verði gæfuríkt. Hlökkum við til komandi viðburða með ykkur á nýju ári.



**Stjórn HRFÍ** hefur staðfest umsögn sýningadómaranefndar DKK og HRFÍ um sýningadómararéttindi Auðar Sifjar Sigurgeirsdóttur. **Auður Sif** hefur réttindi til að dæma Australian Shepherd, German Shepherd báðar feldgerðir, American Cocker Spaniel, Golden Retriever og Labrador Retriever. Hundaræktarfélagið óskar þessum glæsilega fulltrúa okkar innilega til hamingju.



**Ný gjaldskrá** tók við 1. janúar síðast liðinn. Hægt er að nálgast hana á heimasíðu félagsins.

**Skráning er hafin á marssýningu HRFÍ og Hvolpasýningu HRFÍ og Royal Canin.** Hvolpasýningin ásamt keppni ungra sýnenda verða föstudagskvöldið 3. mars og hundasýningin mun standa yfir dagana 4.-5. mars.

**Fyrri skráningarfrestur (Gjaldskrá 1) rennur út 20. janúar kl. 15:00, þá tekur við gjaldskrá 2. Seinni skráningarfrestur (Gjaldskrá 2) rennur út 3. febrúar kl. 15:00.**


Síðasti dagur til að skila inn gögnum til umskráningar á erlendum ættbókum og gotskráningum til að tryggja að þeir hundar og hvolpar komist á sýninguna er **20. janúar.**

Dómarar á sýningunni verða Attila Czeglédi frá Ungverjalandi, Carl Gunnar Stafberg frá Svíþjóð, Hannele Jokisilta frá Finnlandi, Johnny Andersson frá Svíþjóð og Kitty Sjong frá Danmörku.

**Skráning er hafin í næstu augnskoðun** félagsins sem verður haldin **4.-5. mars** í tengslum við marssýningu HRFÍ. Dýralæknirinn **Jens Kai Knudsen** frá Danmörku kemur og skoðar hundanna að þessu sinni. **Síðasti skráningardagur í augnskoðun er föstudagurinn 17. febrúar**, eða fyrr ef allir tímar klárast og því biðjum við félagsmenn að vera tímalega að tryggja sér pláss. Tímabantanir fara fram á skrifstofu HRFÍ eða í síma 588-5255.

## Frá Írsk setterdeild

Laugardaginn 10. desember s.l. var félögum Írsk setterdeildar og fjölskyldum þeirra, boðið til Jólögöngu og gleði á Leirum. Gengið var með voffana í rjómablíðu eins og meðfylgjandi myndir sýna og eftir gönguna þáði mannfólkið heitt súkkulaði, jólaglög og piparkökur. Frábær dagur í alla staði þar sem allir skemmtu sér konunglega – ekki síst voffarnir. Írsk setterdeild óskar öllum farsæls hundaárs 2017!



## Frá Vorsteh Deild

Í haust tók Ísland í fyrsta þátt í Heimsmeistaramóti standandi fuglahunda sem haldið var í Danmörku. Bergþór S Antonsson og Fjallatinda Stígur Junior undan Gruetjenet's G-Ynja og Esjugrundar Stíg keppti fyrir Íslands hönd og Vorstehdeildar HRFÍ. Þeim félögum gekk ágætlega, Stígur leitaði vel þrátt fyrir leiðinlegt veður og erfitt svæði. Hann lenti svo í að fæla upp fugla sem líklega voru ný sestir og lauk með 0 einkunn. Þess má geta að einungis 3 af 25 hundum náðu einkunn

Þennan dag. Þeir félagar tóku svo þátt í Sct. Hubertus cup daginn eftir og náðu þar 7.sæti. Virkilega gaman að Ísland og Vorsteh eigi svona flotta fulltrúa á svona stórmótum út í heimi.

Þess má líka geta að nú á síðustu sýningu náði sjötti hvolpurinn af átta frá Bendishundum þeim árangri að vera full certaður fyrir bæði íslenska og alþjóðlega meistaratitla, og bætist hann þá fljótlega í hóp hinna fimm sem alþjóðlegur meistari. Alveg einstakur og glæsilegur árangur.

Í heiðaprófum vakti það athygli að Bendishunda Saga – Þoka gerði góða hluti á árinu. Í vor náði hún 3. og 2. einkunn í OF í Vorstehprófinu, svo var það IRSK prófið og þar náði hún sinni fyrstu 1. einkunn í Opnum flokki og var valin besti hundur prófs. Um haustið var svo tekið þátt í Vorstehprófinu og náðist þar fyrsta einkunn báða dagana í Opnum flokk og svo toppaði hún sig með að ná 1. sæti í Keppnisflokki.


Úrslitin í stigakeppni Vorstehdeildar voru þannig að Í Keppnisflokk sigraði Heiðnabergs Bylur von Greif með 32 stig Við óskum Jóni Garðari til hamingju með glæsilegan árangur. Í Opnum flokk gerðist það að þrír hundar voru jafnir í fyrsta sæti með 14 stig. Það voru Bendishunda Saga (Þoka), Ice Artemis Blökk, og Heiðnabergs Gleipnir von Greif sem deila með sér fyrsta sætinu eftir mikla baráttu. Við óskum Guðmundi, Björgvini og Jóni Svan til hamingju. Í Unghundaflokk var það Veiðimela Karri sem sigraði með 14 stig, og við óskum Pétri Alan til hamingju með árangurinn.

Vorsteh hundar áttu svo mun fleiri góða sigra á árinu sem er búið að gera skil á síðum deildarinnar.

Óskar deildin öllum félagsmönnum HRFÍ gleðilegs árs með von um góðar stundir á árinu.

## Frá Deild íslenska fjárhundsins

Deild íslenska fjárhundsins stóð fyrir aðventugöngu laugardaginn 3. desember. Nokkrir hressir hundar og fjölskyldur þeirra létu jólastressið og rigninguna ekki stoppa sig og gengu í kringum tjörnina í Reykjavík. Eftir gönguna hittist hópurinn á Café Milano og átti notalega stund saman yfir kakóbolla.



## Á döfinni

**Hringstjóra- og ritaranámskeið** verður haldið þann 28. janúar næstkomandi. Á námskeiðinu er farið bæði í skriflegar æfingar sem og verklegan hluta.

Námskeiðið er aðeins ætlað fyrir þá sem hafa hug á að vinna á næstu sýningum HRFÍ.

Ekki er tekið þáttökugjald á námskeiðin en vinsamlegast skráið ykkur sem fyrst á pósthfangið [hrfi@hrfi.is](mailto:hrfi@hrfi.is).



## Frá Deild íslenska fjárhundsins

Aðalfundur Deildar íslenska fjárhundsins verður haldinn fimmtudaginn 9. febrúar kl: 20.00 í húsnæði Hundaræktarfélags Íslands að Síðumúla 15. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

## Frá Retrieverdeild

Árið 2017 verður viðburðarríkt að vanda og hefur dagskrá ársins verið samþykkt af stjórn og inniheldur hún 10 veiðipróf, deildarsýningu, 4 hlýðniprof og retriever námskeið með erlendum þjálfara. Veiðinefnd og Göngu- og skemmtinefnd mun standa fyrir hinum ýmsu viðburðum á árinu. Laugardaginn 21. janúar mun deildin heiðra stigahæstu hunda á sýningum og veiðiprófum.

Hér má sjá lista yfir stigahæstu hunda á sýningum ársins 2016: [http://www.retriever.is/v.asp?page=44&Article\\_ID=348](http://www.retriever.is/v.asp?page=44&Article_ID=348)

Hér má sjá lista yfir stigahæstu hunda á veiðiprófum ársins 2016: [http://www.retriever.is/v.asp?page=44&Article\\_ID=346](http://www.retriever.is/v.asp?page=44&Article_ID=346)

Stjórn Retrieverdeildar þakkar fyrir árið sem er nýliðið og hlakkar til ársins 2017